



## **178. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 11. mars 2014 kl. 09:30.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón G. Valgeirsson, Jón Hjartarson, Olga Lísía Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn M. Sigurðsson, Sigprúður Jónsdóttir, Rákel Lind Úlfhéðinsdóttir og Þórarinn Ingólfsson. Ægir Pétur var með próf í kennslustund og því tók varamaður hans Sigursveinn sæti á fundinum. Sigprúður Harðardóttir boðaði forföll.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Námsframboð á næstu önn – ný braut**

Lagður fram listi með áföngum í boði fyrir næstu haustönn. Olga Lísía útskýrði það sem þar kom fram og hvernig framvinda vals er hjá nemendum. Skólameistari sagði frá nýrri stuttri braut sem tengist ferða- og matvælagreinum. Boðið verður upp á nám á þessari braut á haustönn ef aðsókn verður nægilega góð. Umræður spunnust um námsframboð almennt í ferða- og matvælagreinum sem og í öðrum greinum.

#### **2. Fréttir af viðbyggingu**

Unnið hefur verið að samningum við Tark-arkitekta um áframhaldandi hönnun, en þeir urðu í fyrsta sæti í hönnunarsamkeppninni. Samningar hafa dregist á langinn meðal annars vegna verðlagningar hönnuða. Fulltrúar frá Fasteignum ríkissjóðs og formaður bygginganefndar heimsóttu Hamar nýverið og fóru yfir þær breytingar sem gera þarf á Hamri samkvæmt tillögunni sem vann. Um er að ræða verulegar breytingar. Skólameistari fór á fund með *Landform landslagsarkitektum* sem eru að vinna að deiliskipulagi hér á svæðinu og er sú vinna í fullum gangi.

#### **3. Hækkun nemendagjalda fyrir næsta skólaár. Uppgjör 2013**

Lögð fram tillaga um hækkun á nokkrum liðum nemendagjalda sem taka gildi frá og með haustönn 2014. Útskýrt var hvers vegna óskað var eftir hækkun á ákveðnum liðum. Tillaga að hækkun á nemendagjöldum var samþykkt af skólanefnd. Umræður sköpuðust um tengsl við nærsamfélag okkar og möguleika á styrkjum frá fyrirtækjum.

Haraldur greindi frá uppgjöri vegna ársins 2013 og því að nokkur halli væri á rekstrinum við ársuppgjör. Uppsöfnuð eign var nýtt árið 2013 og á árinu 2014 þarf að draga úr námsframboði sem gerir það að verkum að þjónusta minnkar við nemendur.

#### **4. Önnur mál:**

##### **A. Aðgerðir vegna rekstrarhalla**

Reynt að halda að sér höndum í fjárfestingum. Sparað í mannahaldi, ekki verður ráðið inn fólk fyrir þá sem hætta vegna aldurs eða fara í launalaust leyfi.



## **B. Breyting á starfsmannahópnum**

Olga Lísá gerði grein fyrir samsetningu kennarahópsins og hvernig breytingar yrðu á komandi haustönn. Fram kom meðal annars í máli hennar að dregið yrði saman í náms- og starfsráðgjöf í fangelsum. Ekki er reiknað með að það þurfi að segja upp fólki vegna stöðu skólans.

## **C. Staðan í kjaramálunum**

Skólameistari sagði frá því að lítið væri að fréttu af stöðu mála í samningaviðræðum milli ríkisins og framhaldsskólakennara í KÍ. Í máli hennar kom meðal annars fram að þeir kennarar sem ekki eru í KÍ kenni áfram komi til verkfalls. Óljóst er enn hvert framhaldið verður.

Peppfundur er fyrirhugaður með nemendum síðar í dag (11. mars) og þá gefst nemendum tækifæri til að spyrja um mál tengd aðgengi þeirra af skólahúsnaðinu ef til verkfalls kemur. Lögð var fram eftirfarandi ályktun frá skólanefnd. Umræður sköpuðust um hana.

## **Efni: Ályktun frá Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands**

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands lýsir miklum áhyggjum af boðuðu verkfalli kennara í framhaldsskólum landsins.

Ekki þarf að fjölyrða um þau alvarlegu áhrif sem verkfall getur haft á nám og stöðu nemenda og fjölskyldna þeirra.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands harmar að kennarar neyðist til að beita verkfallsvopni og hvetur samningsaðila til að ganga til samninga tafarlaust.

## **F.h. skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands,**

*Sandra D Gunnarsdóttir* formaður

*Jón G Valgerisson* varaformaður

Ályktunin var samþykkt en Jón Hjartarson óskaði eftir að bókað yrði eftirfarandi: *Það er sjálfsögð krafa að kennarar hafi sambærileg laun og annað starfsfólk hjá ríki með sambærilega menntun og reynslu. Undir þessa bókun vilja taka formaður skólanefndar Sandra D Gunnarsdóttir og Sigprúður Jónsdóttir.*

Næsti fundur er fyrirhugaður 13. maí kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:35

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson